



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. P 126/1587
komudagur 22.3.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 22.mars 2001.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, 521. mál.

Frumvarpið felur í sér heimild til þess að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. ASÍ hefur ekki almenna afstöðu með eða á móti einkavæðingu fjármálafyrirtækja í eigu ríkissjóðs. Hins vegar leggur ASÍ áherslu á, að sala á eignum ríkissjóðs eigi sér stað þannig að hagsmunum þeirra starfsmanna sem í hlut eiga sé ekki raskað, að sala eigi stað við kjöraðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar, að tryggt sé á hverjum tíma að eignir ríkissjóðs séu seldar fullu verði og að sala sé framkvæmd þannig að gætt sé jafnræðis- og samkeppnisreglna í hvívetna.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
ASÍ – Vinnuréttarsvið.